



ALLT Á EINUM STAD

Ólafsbraut 19 · 436 1214 · www.voot.is

# JÖKULL

1099. töl. - 24. árg.

25. janúar 2024



## Starrar leita í fiskmeti



Nú þegar frost og snjór koma í veg fyrir að smáfuglarnir komist í æti þá er nauðsynlegt að skilja eftir fóður útivið fyrir þá, auðvelt er að nálgast fuglafóður í búðum en margir bera einnig út ávexti og feitmeti fyrir fuglana.

Í Grundarfirði myndaði ljósmyndari starrar um borð í Farsæl SH, þeir kepptust við að kroppa fiskmeti og annað ætílegt úr trollinu og létu sér fátt um finnst þó að einhver væri að fylgjast með þeim.



**Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

## Breyting á opnunartíma heilsugæslunnar

Heilsugæslan í Snæfellsbæ greindi frá því á Facebook á þriðjudag að frá og með 16. febrúar 2024 mun Heilsugæsla Snæfellsbæjar í Ólafsvík loka kl. 12:00 á föstudögum. Opnunartíminn verður því mánudaga til fimmtudaga frá 8:00 - 16:00 (op-ið er í hádeginu) og á föstudög-

um frá 8:00-12:00.

Heilsugæslan minnir á ráðgjöf um heilsutengd málefni í símanúmerinu 1700 allan sólarhringinn og á netspjalli Heilsuveru frá 08:00 - 22:00.

Í neyðartilvikum er hægt að hringja í síma 112.



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

# Heimsóttu Brunavarnir Árnassýslu

Vinnuhópur á vegum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi hefur undanfarið skoðað möguleika á auknu samstarfi slökkviliða á Vesturlandi. Vinnuhópurinn er skipaður fulltrúum frá sveitarfélögum á Vesturlandi og er Ragnar Sæmundsson, bæjarfulltrúi á Akranesi, formaður hópsins. Nýlega lagði hópurinn land undir fót og heimsóttu þau Brunavarnir Árnassýslu á Selfossi, sem er einmitt sameiginlegt verkefni allra átta sveitarfélagna í Árnassýslu. Ásamt vinnuhópnum voru slökkviliðsstjórar á Vesturlandi og fræddust þau þar um starfsemi Brunavarna Árnassýslu og skipulagið þegar unnið er með svona stórt svæði. Fyrir vorið mun vinnuhópurinn skila inn skýrslu með stöðugreiningu og mögulegum sviðsmyndum að



samstarfi slökkviliðanna á Vesturlandi til sveitarfélaganna og staðan svo tekin út frá því hvert framhaldið verður.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is  
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

## Getraunir 1x2

Um síðustu helgi setti Getspá frekar snúna leiki á seðilinn, alla vega leiki með liðum, sem enginn af okkar sérfræðingum virtust kunna skil á og eftirleikurinn samkvæmt því. Klárustu spekingarnir náðu aðeins 9 úrslitum af 13 sem eru á seðlinum. Vonum að svona lagað komi ekki upp aftur. Við látum svona

atviki ekki slá okkur út af laginu og mætum því með brjóstkassan út á laugardaginn í Átthagastofuna klukkan 11.00 og verðum til 12.00. Áfram skal reynt við þann stóra. Kaffi á könnunni og allt eins og það á að vera.

### Áfram Víkingur



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

**Summit**  
ADVENTURE GUIDES

## SUMARVINNA Í VATNSHELLI

Óskum eftir starfsmönnum til að leiðsega gestum í Vatnshelli í sumar.

Góð þjónustulund, ásamt góðri íslensku- og enskukunnáttu er skilyrði. Áhugi á náttúru og nám sem nýtist í starfi er kostur.

Allar nánari upplýsingar:  
Ægir Þór - aegir@summitguides.is

## Skilafrestur í Jökul

Efni og auglýsingum í Jökul þarf að skila fyrir kl. 16, þriðjudag fyrir útgáfu.

Það er í lagi að skila fyrr.

Upplýsingar um auglýsingaverð á [www.steinprent.is](http://www.steinprent.is)

# Litadagar

**35% afsláttur af innimálningu og  
fríar litaprufur!**

Gildir frá 24.janúar til 7.febrúar



Smiðjugata 6 | 436-6500 | [www.fonix.is](http://www.fonix.is) | [fonix@fonix.is](mailto:fonix@fonix.is)

# HIÐ ÁRLEGA Þorrablot

verður haldið í Félagsheimilinu Klifi Ólafsvík  
laugardaginn 3. febrúar 2024.

Hinn eini sanni þorramatur, skemmtiatriði og ball.

Hljómsveitin Span leikur fyrir dansi.

Miðaverð kr. 13.500,-



Miðasala verður í Félagsheimilinu Klifi sem hér segir:

Sunnudaginn 28. janúar kl. 13:00 - 14:00

húsið opnað kl. 12:30, dregið verður um röð kaupenda.

Mánudaginn 29. janúar kl. 19:30 - 20:30

Þriðjudaginn 30. janúar kl. 19:30 - 20:30

ATH! Hámark miðafjölda á hvern einstakling er 12 stk.

ATH  
ENGINN POSTI

## Umferðaröryggi við Ólafsbraut 55

Kæru bæjarbúar og aðrir vegfarendur um Ólafsbraut í Ólafsvík!

Við, starfsmenn og leiðbeinendur Smiðjunnar dagþjónustu Félags- og skólajónustu Snæfellinga viljum af gefnum tilefnum vekja athygli á gangbrautinni okkar sem liggur fyrir framan húsnæði Smiðjunnar, verslunnar Hrundar, ÁTVR og gistiheimilisins Við hafið hér í Ólafsvík.

Gangbrautin var sett upp af Vegagerðinni í fyrra í kjölfar þess að starfssemi okkar flutti í nýtt húsnæði á síðasta ári. Starfsmenn Smiðjunnar sem og aðrir bæjarbúar nýta sér þessa gangbraut og þurfum við í samfélaginu að sjá til þess í sameiningu að það sé öruggt að fara yfir gangbrautina. Viljum við því biðja fólk um að virða gangandi vegfarendur og stoppa bifreið og hleypa viðkomandi yfir í öruggum aðstæðum. Því miður höfum við ítrekað verið að lenda í því að fólk er ekki að stoppa fyrir gangandi vegfarendum og jafnvel keyra greitt fram hjá vegfarenda sem er að ganga yfir. Þarna eru að skapast mjög óöruggar aðstæður sem

gætu endað með slysi. Slysinga gera ekki boð á undan sér en við getum í sameiningu gert okkar besta að drífa okkur hægt í umferðinni og bera virðingu fyrir gangandi vegfarendum.

### Drodzy Mieszkańcy i inni użytkownicy drogi na Ólafsbraut w Ólafsvíku!

My, pracownicy i przełożeni Środowiskowego Domu Diennej Pracy dla osób niepełnosprawnych Smiðjan oraz służb socjalnych w Snæfellsnes, chcemy zwrócić uwagę

na przejście dla pieszych, które biegnie przed budynkiem Smiðjan, sklepem Hrund, ÁTVR i pensjonatem Við hafið w Ólafsvíku.

Przejście dla pieszych zostało namalowane przez Zarząd Dróg w zeszłym roku, po przeniesieniu naszej działalności do nowej siedziby. Z tego przejścia korzystają pracownicy Smiðjan, a także inni mieszkańcy miasta. My, jako społeczność, musimy współpracować, aby zapewnić bezpieczeństwo na drogach. W związku z powyższym prosimy mieszkańców o uszanowanie pieszych, zatrzymanie samochodu i przepuszczenie osoby w bezpieczny sposób. Niestety, wielokrotnie spotykaliśmy się z kierowcami, którzy nie zatrzymywali się, aby przepuścić pieszych, a nawet mijali pieszego będącego już na pasach. Tworzą się tam bardzo niebezpieczne warunki, które mogą zakończyć się wypadkiem. Razem możemy zrobić wszystko co w naszej mocy, aby jeździć powoli i bezpiecznie oraz szanować prawa pieszych.





# Rauði krossinn

## Verkefnastjóri í vinaverkefni

Deild Rauða krossins í Snæfellsbæ leitar að verkefnastjóra fyrir vinaverkefni, um er að ræða nýtt starf og uppbyggingu á verkefninu á svæðinu.

Unnið er eftir grundvallarhugsjónum hreyfingarinnar og eftir verklagi vinaverkefna á öðrum svæðum á landinu.

Aðalmarkmið verkefnisins er að draga úr félagslegri einangrun og einmanaleika með því að styrkja og efla félagslega þátttöku þeirra sem taka þátt.

**Um er að ræða 30% stöðu til áramóta með möguleika á framlengingu.**

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Uppbygging og umsjón með vinaverkefnum heimsóknavina-, símavina- og gönguvina í Snæfellsbæ.
- Öflun, fræðsla og stuðningur við sjálfbóðaliða, gestgjafa og samstarfsaðila verkefnisins.
- Utanumhald með tölulegum upplýsingum og mælikvörðum er varða verkefnið.
- Kynningar, fræðsla og skýrslugerð vegna verkefnis.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum og menningarlaus skilyrði.
- Geta til að vinna sjálfstætt.
- Framúrskarandi hæfni í skipulagningu og stýringu verkefna.
- Reynsla af starfi með Rauða krossinum er kostur.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta, önnur tungumál kostur.

Umsóknarfrestur er til og með 4. feb nk. **Aðeins er tekið við umsóknum í gegnum Alfreð, umsókn þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf.** Við hvetjum áhugasama af öllum kynjum til að sækja um.

Deild Rauða krossins í Snæfellsbæ hefur aðstöðu í Áttthagastofu Snæfellsbæjar. Nánari upplýsingar veitir Daði Rúnar Einarsson, formaður Snæfellsbæjardeildar (formadur.snæfellsbaer@redcross.is) eða Drífa Stefánsdóttir, mannauðsstjóri RKÍ (drifa@redcross.is).



# Garðfuglatalning um helgina

Árlega fitjar Fuglavernd upp á talningu garðfugla yfir eina helgi. Venjulega er um að ræða síðustu helgina í janúar. Gott er að hefja undirbúning talningar nokkrum dögum áður með því að hefja daglegar fóðurgjafir til að lokka að fugla.

Framkvæmd athugunarinnar er einföld. Það eina sem þátttakandi þarf að gera er að fylgjast með garði í einn klukkutíma yfir tiltekna helgi. Skrá hjá sér hvaða fugla viðkomandi sér og mesta fjölda af hverri tegund á meðan athugin stendur yfir, þ.e. þá fugla sem eru í garðinum en ekki þá sem fljúga yfir.

Skilafrestur er til og með 15. febrúar 2024

Hægt er að velja þá leið sem hentar hverjum og einum best til að skrá niðurstöðurnar að lokinni athugininni. Fuglavernd mælir með rafrænni skráningu, þar sem gögnin eru þá slegin inn og fara



beint í gagnagrunn þar sem hægt er að vinna úr niðurstöðunum.

Hægt er að nálgast eyðublöð til skráningar á heimasíðu fuglaverndar og þar eru einnig leiðbeiningar um hvernir er best að bera sig að við talningu og skráningu.

Meðfylgjandi mynd er af silki-toppu og er tekin af Jóhanni Óla Hilmarssyni.



Sími: 430 3700  
www.fmis.is



## Ósóttir vinningar

Enn eru nokkrir ósóttir vinningar í leikfangahappdrætti Lionsklúbbs Ólafsvíkur sem dregið var úr á aðfangadag.

Ósóttu númerin eru:  
698, 1229, 2192 og 2293

Rétt er að geta þess að um er að ræða veglega vinninga svo að vel borgar sig að fara yfir miðana.

Hægt er að nálgast vinningana fyrir 1. febrúar í Steinprent alla virka daga frá 10 til 12 og 13 til 15



Bifreiðaverkstæði /Egis.  
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

 Vegagerðin

## Vélamaður Ólafsvík

Vegagerðin auglýsir laust starf vélamanns eða verkamanns á þjónustustöðinni í Ólafsvík. Starfið felst í viðhaldi, þjónustu og nýbyggingu vega á starfssvæði Vegagerðarinnar í Ólafsvík

### Hæfnikröfur

- Almenn ökuréttindi
- Vinnuvélaréttindi æskileg
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hóp
- Gott vald á íslensku
- Góð öryggisvitund
- Almenn tölvukunnátta

**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður, stærsta framkvæmdastofnun landsins með gríðarlega fjölbreytta verkefnaflóru.**

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Í umsókninni komi fram upplýsingar um fyrri störf og upplýsingar um þær hæfnikröfur sem óskað er eftir. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Umsóknarfrestur er til og með 05.02.2024.** Sótt er um starfið vef Vegagerðarinnar, [vegagerdin.is/um-vegagerdina/laus-storf/](http://vegagerdin.is/um-vegagerdina/laus-storf/)

Nánari upplýsingar veitir Guðjón Hannar Björnsson, yfirverkstjóri [gudjon.h.bjornsson@vegagerdin.is](mailto:gudjon.h.bjornsson@vegagerdin.is)

## Sexan stuttmyndakeppni

Opnað hefur verið fyrir inn-sendingar í stuttmyndakeppnina Sexuna sem er fræðsluverkefni á vegum Neyðarlínunnar sem er ætlað að fræða ungt fólk um birtingarmyndir stafræns ofbeldis. Keppnin er fyrir nemendur í 7. bekk á landsvísu og verða vinningsmyndirnar sýndar á vef UngRÚV og sendar í alla grunnskóla á landinu sem fræðsluefni um stafrænt ofbeldi. Þetta er í annað sinn sem keppnin er haldin og er markmiðið að ungt fólk fræði ungt fólk um stafrænt ofbeldi. Stuttmyndin skal vera þrjár mínútur að lengd og á viðfangsefni hennar að vera fræðsla um samþykki, nektarmyndir,

tælingar eða slagsmál eða önnur málefni sem krökkum finnst mikilvægt að lyfta upp. Dómarar í keppninni verða fulltrúar ungmennaráðs, RÚV, MMS og fulltrúar kvikmyndagerðar. Formaður dómnefndar Sexunnar 2024 er enginn annar en kvikmyndaleikstjórinn Baldvin Z. Opið er fyrir innsendingar frá 8. janúar til 28. janúar og er myndunum hlaðið upp á vef 112.is/sexan. Vinningsmyndirnar frá því í fyrra má finna á youtube rás neyðarlínunnar og á vef neyðarlínunnar. Þar má einnig finna fræðslu um viðfangsefni og góð ráð fyrir stuttmyndagerð.

JJ

# SEXAN



# Álagning fasteignagjalda 2024

Álagningu fasteignagjalda 2024 er nú lokið.

**Álagningarseðlar** fasteignagjalda fyrir árið 2024 verða sem fyrr **ekki sendir út í pappír**, heldur munu þeir verða aðgengilegir rafrænt í gegnum [www.island.is](http://www.island.is) á kennitölu fasteignareiganda.

Ef óskað er eftir því að fá álagningarseðil sendan, vinsamlegast hafið samband við bæjarritara í síma 433-6900 eða á netfangið [lilja@snb.is](mailto:lilja@snb.is)

**Greiðsluseðlar** verða heldur **ekki sendir út í pappír** nema þess sé sérlega óskað. Ef óskað er eftir því að fá senda greiðsluseðla, vinsamlegast hafið samband í síma 433-6900 eða á netfangið [lilja@snb.is](mailto:lilja@snb.is)

**Greiðsluseðlar eru aðgengilegir rafrænt í heimabönkum einstaklinga og fyrirtækja undir rafræn skjöl**

**Gjalddagar fasteignagjalda verða tíu, frá 1. febrúar til og með 1. nóvember 2023 og fjölga þannig um tvo frá fyrra ári.**

Ef fasteignagjöld eru gerð upp að fullu fyrir 15. mars 2024 fæst 3% staðgreiðsluafsláttur. Hægt er að draga 3% af heildarupphæðinni sem fram kemur á álagningarseðli og leggja inn á **0190-26-4240, kt.: 510694-2449.**

Hægt er að greiða fasteignagjöld með boðgreiðslum, og ef þess er óskað, vinsamlegast hafið samband við skrifstofur Snæfellsbæjar sem fyrst.

Afsláttur fasteignaskatts á íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega er reiknaður við álagningu fasteignagjalda. Afslátturinn er hlutfallslegur að teknu tilliti til allra skattskyldra tekna skv. skattframtali.

**Ekki er þörf á að sækja sérstaklega um þennan afslátt.**

**Hægt er að senda fyrirspurnir á netfangið [lilja@snb.is](mailto:lilja@snb.is) eða hringja í síma 433-6900.**



# ÚTSÖLUNNI LÝKUR 31. JANÚAR

**Sjónvörp** á allt að **30%** afslætti

**Úlpur** á **50%** afslætti

**Skór og stígvél** á **25 - 50%** afslætti

**Samsung ryksugur** á **30%** afslætti

**Fatnaður** á **25 - 50%** afslætti

**Ýmsar aðrar vörur á tilboði**

Þú getur **boðið** í vörur á

**Tilboðsbrettinu**

*e.t.v. erum við í góðu skapi og tökum því!!*